

225.fundur-16.september 2004

Boðað var til fundarins með svofelldri dagskrá:

- 1) Farið yfir fundargerð 224. fundar hreppsnefndar 12. ágúst 2004
- 2) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 16. ágúst 2004
- 3) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 19. ágúst 2004 ásamt fundargerð fundar um skipulagsmál á Reykhólum 23.ágúst 2004
- 4) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 25. ágúst 2004
- 5) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 30.ágúst 2004
- 6) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 5.september 2004
- 7) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 6.september 2004
- 8) 50. og 51.fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerðir (tilkynning)
- 9) Erindi frá Reyni Bergsveinssyni varðandi minkasiur
- 10) Erindi frá Þjóðarráði Bahaia vegna Skóga í Þorskafirði
- 11) Erindi frá Ungmennafélagi Íslands um rekstur ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Dalasýslu
- 12) Erindi frá félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra
- 13) Erindi frá ungmenntasambandi Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN), styrkbeiðni
- 14) Hraðbankaskortur í Reykhólahreppi, bréf frá Sparisjóði Vestfirðinga
- 15) Verkfallsboðun grunnskólakennara, erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga
- 16) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2004 (tilkynning)
- 17) Yfirlýsing frá vottunarstofunni Túni ehf vegna vatnsmála Þörungaverksmiðjunnar h/f
- 18) Önnur mál.

Fundurinn var settur kl. 15:00 af oddvita. Allir aðalmenn mættir auk sveitarstjóra er ritaði fundargerð. Oddviti las upp boðaða dagskrá. Sveitarstjóri lagði síðan fram eftirfarandi mál undir liðnum "önnur mál":

- a) Erindi frá Ófeigi Lýðssyni áhugaleikara í Króksfjarðarnesi, styrkbeiðni
- b) Fundir sveitarstjóra með fjárlaganefnd og iðnaðarráðherra 27.september
- c) Vatnsveitumál í Króksfjarðarnesi, niðurstöður gerlarannsóknna (vatnið stóðst gæðakröfur heilbrigðiseftirlits) og bilun í vatnsveitu
- d) Erindi frá Sverri Kristjánssyni varðandi lóð í Flatey
- e) Tillaga að ályktun um samgöngubætur á Vestfjarðavegi um Svínadal í Dalasýslu
- f) Erindi frá Þorgrími Einari Guðbjartssyni formanni fræðslunefndar ungmennafélagsins Æskunnar

Samþykkt að taka ofangreind mál á dagskrá.

Oddviti lagði fram eftirfarandi mál:

g) "Ég undirritaður legg hér með fram breytingartillögu við 51.gr. 4.lið um samþykkt um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps. Legg ég til að nefndin fari ekki með gerð fjallskilaseðils, heldur sé gerð hans í höndum leitarstjóra."

Samþykkt að taka þetta mál líka á dagskrá.

Gengið var nú til dagskrár og þetta gerðist:

1) Sveitarstjóri renndi yfir fundargerð 224.fundar. Engar athugasemdir.

2) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 16. ágúst 2004. Samþykkt.

3) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 19.ágúst 2004 ásamt fundargerð fundar um skipulagsmál á Reykhólum 23. ágúst 2004.

1.liður. Rætt um að eðlilegt sé að kostnaður við deiliskipulag og breytingar á því falli á þær lóðir sem í hlut eiga. Byggingarfulltrúa og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna frá öðrum sveitarfélögum.

2.liður samþykktur.

3.liður samþykktur.

4.liður samþykktur

5.liður. Ræddur síðar á fundinum í tengslum við aðra umsókn um lóð í Flatey.

6.liður samþykktur

7. liður. Sveitarstjóra falið að tilkynna Landbúnaðarráðuneytinu að Reykhólahreppur óski eftir að kaupa það land sem búið er að afmarka undir Reykhólaborp.

8. liður samþykktur.

9. liður samþykktur.

10.liður samþykktur.

11. liður. Lagðir fram tveir kostir sem gera ráð fyrir misstórum lóðum fyrir verslunina Jónsbúð á Reykhólum. Stærri lóðin samþykkt.

12. liður. Samþykktur

13.liður. Samþykktur.

Varðandi hafnarmál þarf að biðja Siglingastofnun um úttekt á bryggjugólfi trébryggju í Reykhólahöfn. Aðrir liðir samþykktir.

Í framhaldi af þessu var rætt um þörf sveitarfélagsins fyrir aðgang að malarnámum. Sveitarstjóra falið að afla skriflegra upplýsinga frá Landbúnaðarráðuneytinu.

4. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 25. ágúst 2004. Varðandi 7.liðinn, hugmyndir um einkarekinn tónlistarskóla í framtíðinni, þá var þeim hugmyndum vísað til fjárhagsáætlunar og til frekari umræðu í hreppsnefnd.

Fundargerð samþykkt.

5) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 30.ágúst 2004. Fundargerð samþykkt. Oddviti óskaði þó eftir að bókað yrði að hann væri mótfallinn því að opnunartími laugarinnar væri færður fram eins og ákveðið hefur verið.

6) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 5.september 2004. Samþykkt.

7) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 6.september 2004. Samþykkt.

8) Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 50. og 51. fundar. Oddviti vakti athygli á örnefndaskráningu sem fjallað er um í 50.fundargerðinni. Fyrirhuguð skráning örnefna í Reykhólahreppi (ef styrkur fæst) þarf að tengjast örnefnaskráningu Breiðafjarðarnefndar.

9) Erindi frá Reyni Bergsveinssyni varðandi minkasíur. Enn fremur lagður fram reikningur frá Reyni (verðlaun fyrir 74 minka og 3 refi unna á tímabilinu 1.september 2003 til 1.september 2004). Samþykkt að greiða reikninginn, enda verði ekki um sérstakan fjárstuðning að ræða að sinni.

10) Erindi frá Þjóðarráði Bahaia vegna Skóga í Þorskafirði. Leitað er umsagnar sveitarstjórnar vegna girðingaframkvæmda í landi Skóga. Sveitarstjórn leggst ekki gegn erindinu en áréttar mikilvægi þess að viðhaldi girðinga sé ekki ábótavant og að ónýtar girðingar séu fjarlægðar.

11) Erindi frá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) um rekstur ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Dalasýslu. Sveitarstjóra og skólastjóra falið að kanna málið frekar.

12) Erindi frá félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra (tilkynning).

13) Erindi frá Ungmennasambandi Dalamanna- og Norður-Breiðfirðinga (UDN), styrkbeiðni. Samþykkt.

14) Hraðbankaskortur í Reykhólahreppi, bréf frá Sparisjóði Vestfirðinga. Sveitarstjóra falið að kanna áhuga hjá KB-banka í Búðardal á að opna hraðbanka á Reykhólum.

15) Verkfallsboðun grunnskólakennara, erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það virðist stefna í verkfall sem hefst 20.september.

16) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2004 (tilkynning).

17) Yfirlýsing frá vottunarstofunni Túni ehf vegna vatnsmála Þörungaverksmiðjunnar. Sveitarstjóri greindi frá því að hann og framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar ættu bókaðan fund með iðnaðarráðherra 27. september 2004 þar sem þessi mál yrðu rædd.

Önnur mál

a) Erindi frá Ófeigi Lýðssyni áhugaleikara í Króksfjarðarnesi, styrkbeiðni. Samþykkt að lána Vogaland án endurgjalds í vetur til leiklistariðkunar. Þeir sem nýta húsið sjái um þrif.

b) Fundir sveitarstjóra með fjárlaganefnd og iðnaðarráðherra 27. september. Rætt um að leggja áherslu á fjölgun vistrýma í Barmahlíð.

c) Vatnsveitumál í Króksfjarðarnesi, niðurstaða gerlarannsóknna (vatnið stóðst gæðakröfur heilbrigðiseftirlits) og bilun í vatnsveitu. Vatnskerfi bilaði fyrir nokkrum dögum í efri byggð Króksfjarðarness. Viðgerð stendur yfir en ljóst er að sú framkvæmd mun kosta nokkra fjármuni.

d) Erindi frá Sverri Kristjánssyni varðandi lóð í Flatey

(Bjarki Stefán Jónsson yfirgaf fundinn kl. 19:35)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Sveitarstjóra falið að afla gagna um eignarhald í Flatey og hvernig eyjan skiptist nákvæmlega milli eigenda og hverjir þeir eru.

e) Tillaga að ályktun um samgöngubætur á Vestfjarðavegi nr. 60 um Svínadal í Dalasýslu "Nú stendur yfir endurskoðun samgönguáætlunar. Af því tilefni skorar hreppsnefnd Reykhólahrepps á stjórnvöld að hraða endurbótum á leiðinni um Svínadal í Dalasýslu með það í huga að verkinu verði lokið haustið 2005." Samþykkt samhljóða.

f) Erindi frá Þorgrími Einari Guðbjartssyni formanni fræðslunefndar ungmennafélagsins Æskunnar. Óskað er eftir stuðningi við fólk sem hefur áhuga á námi í svæðisbundinni leiðsögn sem veitir réttindi sem svæðisleiðsögumaður.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að kynna málið fyrir íbúum hreppsins.

g) Tillaga oddvita hljóðar svo:

"Ég undirritaður legg hér með fram breytingartillögu við 51.gr. 4.lið um samþykkt um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps. Legg ég til að nefndin fari ekki með gerð fjallskilaseðils, heldur sé gerð hans í höndum leitarstjóra.

Gústaf Jökull"

Bent var á 52.gr.samþykkt Reykhólahrepps sem gerir ráð fyrir að hreppsnefnd geti kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Ef þessi leið væri notuð, losnuðu menn við að breyta samþykktunum. Leist mönnum betur á þessa leið.

Gústaf Jökull dró tillögu sína til baka. Samþykkt að kjósa fimm manna nefnd sem tæki við fjallskilum frá og með næstu áramótum. Kosið verður í nefndina síðar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:52

Gústaf Jökull Ólafsson (sign) Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign) Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)